Listasafn Reykjavíkur
Reykjavik Art Museum

Hafnarhús
20. janúar – 10. apríl 2011

**Without Destination**

# Án áfanga-staðar

**Listamenn sem eiga verk á sýningunni / Exhibiting artists**

Eva Arnqvist, Einar Garibaldi Eiríksson, Ólafur Elíasson, Johan Furåker, Hamish Fulton, Kristinn E. Hrafnsson, Roni Horn, Unnar Örn Jónasson Auðarson, Haraldur Jónsson, Húbert Nói Jóhannesson, Inga Þórey Jóhannsdóttir, Walter Niedermayr, Þorgerður Ólafsdóttir, Katrín Sigurðardóttir , Fiete Stolte, John Bock, Friðrik Þór Friðriksson, Ragnheiður Gestsdóttir, Ghostigital/Finnbogi Pétursson/Skúli Sverrisson, Peter Hutton, Wolfgang Müller, Rory Middleton, Deborah Stratman, Institut für Raumexperimente

Höfundar verkefnisins *Án áfangastaðar* eru Markús Þór Andrésson sýningarstjóri og Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur / *Without Destination* was conceived by Markús Þór Andrésson, curator, and Gunnþóra Ólafsdóttir, geographer

**Verið velkomin á sýninguna Án áfangastaðar!**

—

Hér eru sett fram ný og nýleg verk innlendra og erlendra listamanna sem varpa fjölbreyttu ljósi á hugtökin ferðalag og staður, bæði í huglægum og landfræðilegum skilningi. Hvert með sínum hætti endurspegla þau tilraun til þess að takast á við umrædd hugtök, ýmist með hlutlausum aðferðum skrásetningar eða í persónulegri túlkun upplifunar, þótt ekki sé alltaf hægt að greina þar á milli. Áhorfendum býðst ýmist að ganga til móts við verkin á sýningunni á eigin ferðalagi á milli staða eða nálgast þau sem lýsingu einhvers annars á fjarlægum stað. Þessi skörun undirstrikar inntak sýningarinnar, sem byggist á þeirri spurningu hvernig samspili einstaklinga og umhverfis sé háttað á ferðalagi.

Kveikjan að verkefninu Án áfangastaðar er hinn ört vaxandi straumur innlendra og erlendra ferðamanna um Ísland. Hann gefur tilefni til að velta fyrir sér áleitnum spurningum um eðli ferðamennskunnar. Hvað dregur fólk á framandi slóðir og upp um fjöll og firnindi? Hvernig skynjar fólk umhverfi sitt á ferðalagi? Hver eru tengsl ímyndar og upplifunar? Fjölmargir myndlistar- og fræðimenn samtímans hafa skoðað samband manns og umhverfis í þessu samhengi og varpa þær rannsóknir ljósi á ólíka þætti sem koma við sögu í upplifun ferðalangsins. Hér gefst kostur á að kynnast verkum þeirra, annars vegar á sýningu sem stendur til vors þar sem ferðaþrá og (áfanga) staðir koma við sögu og hins vegar á ráðstefnu sem haldin verður fyrstu helgina í febrúar og er tileinkuð náttúrutengdri ferðamennsku.

Sýningin í Hafnarhúsinu skiptist í nokkra hluta. Þeir eru: FERÐAHUGUR þar sem áherslan er á ferðamanninn og ferðalagið, STAÐUR þar sem tengsl ferðamanns og umhverfis eru til skoðunar, FERÐASAGA þar sem upplifun ólíkra einstaklinga er lýst í frásagnaformi og SLÓÐ sem leiðir áhorfandann á milli staða í safninu. Mörg verkanna urðu til á ferðalagi um Ísland og áhugavert er að sjá hversu ólíkum augum mismunandi listamenn líta sömu slóðir. Í þeirri fjölbreytni kemur fram að staðir eru ekki síður til sem hugarfóstur hvers og eins en landfræðilegir punktar eða svæði. Þannig mætti velta fyrir sér tengslum þeirrar ímyndar landsins sem ferðaþjónustan mótar annars vegar og hins vegar þeirrar upplifunar sem felst í ferðalagi um það. Getum við hugsað um Ísland sem annað og meira en áfangastað?

**Ferðahugur (Salur A)**

Ferðalagið, ferðalangurinn og löngun hans til að ferðast eru viðfangsefni þeirra verka sem hér eru til sýnis. Hvað felst í því að ferðast? Á ferðalagi tekur maður stefnu eitthvert, einhvers staðar frá, og þess á milli er maður á leiðinni. Hvað situr eftir? Að láta sig dreyma um ferðalag á fjarlægar slóðir er sjálfsagður þáttur í lífi nútímamannsins og tiltölulega auðvelt að láta af því verða. En hvað liggur að baki þessari þrá? Ef til vill er nærtækast að tengja það hugmyndinni um frelsi – frelsi til að geta farið hvert á land sem er burt frá daglegu amstri. Okkur eru allir vegir færir og við svölum óhikað þránni eftir nýju umhverfi. Þekkjum við einhvern sem ferðaþráin lætur ósnortinn? Flestir virðast eiga sér draum um að ferðast þó að sumir láti sér nægja að gera það í huganum, „að sitja kyrr á sama stað og samt að vera að ferðast". Skáldið Jónas minnir á að ferðalag getur átt sér stað án þess að maður færist úr stað og ennfremur að hugurinn er sá farangur sem alltaf er með í för, hvert sem haldið er.

**Staður (Salur B/C)**

Þeir listamenn sem eiga verk hér vinna út frá ólíkum tengslum við staði sem eru ýmist fjarlægir eða nálægir, hvort heldur í tíma eða rúmi. Verkin endurspegla hugmyndir um staði, áfangastaði og staðleysur í huglægum og landfræðilegum skilningi. Þau beina sjónum að hinu skapandi og persónulega samtali sem á sér stað við upplifun á framandi umhverfi og mótar hugmyndir okkar um staði. Mörg verkanna tengjast Íslandi og gefa til kynna bæði á kunnuglegan og framandi hátt hversu fjölbreyttum augum líta má sömu slóðir. Þannig eru til sýnis verk sem takast á við hvernig miðla megi reynslu annars staðar frá, en um leið felst í þeim tilraun til að stuðla að upplifun fyrir áhorfandann hér og nú. Í verkunum felast hugmyndir um hvenær óskilgreint rými verður að stað, sem benda til þess að upplifun fólks og miðlun þeirrar upplifunar sé forsenda þess að við getum skilgreint ákveðinn stað sem slíkan. Eða er hægt að hugsa sér stað áður en hann er orðinn að minningu einhvers? Eru maður og staður ekki hvor öðrum háðir?

**Ferðasaga (Bíó í sal B)**

Haft er eftir bandaríska heimspekingnum Ralph Waldo Emerson að lífinu megi fremur líkja við ferðalag en áfangastað. Sú hugsun að leiðin að markmiðum okkar sé þeim í raun mikilvægari hefur fundið sér farveg í ýmsum myndum. Ferðasögur eru sígilt form í bókmenntum og kvikmyndagerð sem yfirfærð merking aukins lærdóms og þroska. Þeim vindur fram í leit að einhverjum áfangastað eða markmiði sem síðar reynist minnstu máli skipta. Hér segja listamenn ólíkar ferðasögur. Dagskráin stendur frá morgni til kvölds. Sögusvið flestra verka er Ísland og stundum er landið viðfangsefni í sjálfu sér. Listamennirnir leggja hver upp í sína ferð á eigin forsendum. Eftir því sem samspil og speglun einstaklings og umhverfis leiðir sögurnar áfram skarast einstök upplifun við kunnuglegar klisjur. Ýmist er sögð saga staðar eða sögupersónu og með sinn skilning og reynslu verður áhorfandinn samofinn frásögninni.

**Slóð (Hafnarhús)**

Miðlun listamanna á reynslu sinni af stöðum og ferðalögum býður gestum sýningarinnar að íhuga eigin uppgötvunarferli innan hennar. Þeirri vangaveltu er laumað að gegnumsneitt á sýningunni hvað sé líkt og ólíkt með upplifun staða á ferðalagi og reynslu

af myndlist á sýningu. Hún er undirstrikuð með hálfgerðum ratleik um Hafnarhúsið eða sýningu inni í sýningunni. Institut für Raumexperimente [Stofnun um rýmistilraunir] er námsbraut og rannsóknardeild við Listaháskóla Berlínar undir stjórn listamannsins Ólafs Elíassonar. Þátttakendur leggja stund á rannsóknir sem tengjast rýmisskynjun hvort heldur er í tengslum við byggingar, borgarumhverfi eða landslag. Hópurinn fór í gönguferð um hálendi Íslands undir leiðsögn Óskar Vilhjálmsdóttur sumarið 2010 og sýnir nú úrvinnslu þeirrar reynslu í formi plakata sem hanga uppi um allt safn. Safngestum er boðið að taka sér þar til gert kort í hönd þar sem staðsetning ólíkra plakata í Hafnarhúsinu er merkt inn á og leggja í leiðangur.

Sýningin Án áfangastaðar beinir sjónum að þeirri þrá sem mörg okkar eiga sameiginlega, að ferðast og upplifa nýja staði. Hún höfðar til löngunar eftir að komast burt úr kunnuglegu umhverfi okkar, sjá og reyna eitthvað annað og snúa aftur reynslunni ríkari. Um leið gefur hún til kynna ástæður þess að aðrir eru tilbúnir til að leggja töluvert á sig til að upplifa í fyrsta sinn staði sem eru okkur þaulkunnir hér á landi. Túrismi vöruvæðir áfangastaði með efnahagslegan ávinning að leiðarljósi. Í því ferli er takmarkaður gaumur gefinn að því flókna og fjölbreytta tilfinningalega ferli sem liggur faginu til grundvallar. Árið 2008 náði fjöldi ferðamanna sögulegu hámarki á Íslandi þegar yfir hálf milljón manns heimsótti landið. Nú stefnir í enn frekari aukningu eða eina milljón ferðamanna árið 2016. Rannsóknir sýna að möguleikinn á að komast í snertingu við ósnortna náttúru landsins og ævintýrið sem í því felst sé nú um stundir helsta aðdráttarafl Íslands sem ferðamannalands. Í ljósi þess hve ferðamönnum fjölgar ár frá ári má spyrja hvort raunhæft sé að gera út á þessa ímynd, eða – og kannski enn frekar – hvort það sé yfirhöfuð rétt að gera út á niðurnjörvaða ímynd? Á starfsemi ferðaþjónustunnar að miða að því að ferðafólk geti staðfest fyrirframgefnar hugmyndir eða er heillavænlegra að gefa meira svigrúm á upplifun á einhverju nýju og ófyrirséðu?

Ferðaþjónustan er að gerbreyta Íslandi. Lucy R. Lippard, einn frummælenda á ráðstefnunni sem haldin er í febrúar, leiðir í bók sinni „On The Beaten Track" hugann að því að hugtökin sjálfbærni og ferðaþjónusta kunni að vera ósamrýmanleg; að túrismi breyti stöðum varanlega og við þá þróun verði ekki ráðið. Svo kann vel að vera en spurningin í framhaldinu hlýtur að vera hvort það sé ekki þess virði að láta á það reyna að tvinna þetta saman. Hér á landi höfum við það í hendi okkar að sjá til þess að breytingarnar eigi sér stað á forsendum sem gera okkur kleift að starfrækja ferðaþjónustu til langrar framtíðar, þannig að landið beri þann fjölda sem hér ferðast um án þess að gengið sé á aðdráttaraflið og að okkur sem íbúum líði ekki sem aukaleikurum á áfangastað annarra. Katrín Júlíusdóttir, ráðherra ferðamála, sagði nýverið á opinberum vettvangi erlendis að Ísland væri land þrárinnar. Hitti hún ef til vill naglann á höfuðið? Í stað þess að laða fólk að á forsendum fyrirfram hannaðrar og forgengilegrar ímyndar felst ef til vill meiri sannleikur í að benda á að á Íslandi gefist svigrúm til þess að leggja upp í ferðalag án áfangastaðar. Það er nefnilega sama hvert ferðalangurinn heldur; ferðalagið mun alltaf bera hann að sama marki, nær sjálfum sér.

**Welcome to Without Destination!**

—

Presented here are new and recent works by local and international artists that illuminate our concepts of travel and place, in both the geographical and imaginative senses. Each work engages these concepts in its own terms, using methods that range from objective documentation to interpretations of personal experience, though it is not always easy to distinguish between the two. Museum visitors may view each work either as a stop on their own journey from place to place or as someone else's description of a far-off locale; this layering complements the exhibition theme, the factors shaping the interplay between travellers and the environment.

The inspiration for Without Destination is the steadily-increasing flow of domestic and foreign tourists through Iceland, a volume that forces some perennial questions about the nature of tourism. What draws us to exotic places, up mountains and over water? How do travellers perceive their surroundings? How does experience jibe with expectation? Many contemporary artists and researchers have studied the relationship between man and the landscape in travel, bringing to light diverse factors impinging on the travel experience. Without Destination offers two ways to approach this body of work, through the present winter-spring exhibition and through a conference slated for the first week of February, dedicated to nature-based tourism.

The exhibition at Hafnarhús is divided into four parts: WANDERLUST focuses on travellers and travel; PLACE examines the relationship between the traveller and the environment; TRAVELOGUE presents diverse individual experiences in narrative form; and TRAIL guides the viewer from place to place within the museum. Many of these works came into being through travel in Iceland, and it is remarkable how differently individual artists view the same places. This diversity clearly demonstrates that places are no less states of mind than geographical coordinates or locales. This raises questions about how the image of Iceland promoted by the travel industry relates to the actual experience of travelling here. Can we think of Iceland as something more than a destination?

**Wanderlust (Gallery A)**

The trip, the traveller, and wanderlust are the themes of the works on display here. What does travel involve? On a trip, one is always either choosing a route or en route. What do we take from the experience? Indulging in dreams of travel to exotic places is taken

for granted in modern life and it is now comparatively easy to carry out those dreams. But what gives rise to our desire? Perhaps the closest analogy is the idea of freedom, that we are all free to go somewhere far from the daily grind. All roads lie open to us; we can freely quench our thirst for new surroundings. Does wanderlust leave some people cold? Most of us seem to dream of travel, but some are content to travel only in their minds, "to stay still yet be underway," as poet Jónas Hallgrímsson put it, reminding us that we can travel without stirring a foot and that thoughts are the one thing we carry wherever we go.

**Place (Galleries B and C)**

The artists presented in this space are exploring various ties to places near and far in time as well as space. These works reflect ideas of places, destinations, and non-places, both geographical and intangible. They focus on the dynamic intimate dialogue that arises from being in an exotic locale and shapes our sense of place. Many of these works pertain to Iceland, and demonstrate the many angles, both familiar and bewildering, from which the same place may be viewed. Thus, in depicting a foreign experience, these works may give the viewer a foreign experience of the here and now. They convey an idea of how a nondescript area becomes a place, and suggest that someone must experience and portray a place before we can recognize it as such: Can we imagine a place before it has become someone's memory? Can person and place be independent of each other?

**Travelogue (Gallery B Black Box)**

The American philosopher Ralph Waldo Emerson said that life is a journey, not a destination. The idea that the paths to our goals are more important that reaching them has found expression in various media. The tale of a journey is a classic genre in literature and cinema, carrying a transposed meaning of increased knowledge and maturity. Travelogues unfold through a search for a destination or goal that later turns out not to matter much. In this full-day's program of travelogues, artists present a wide range of journeys. Most of the works are set in Iceland and sometimes Iceland itself is the subject. Each artist starts out with a different set of assumptions and as the interaction and interplay between the traveller and the environment progresses, individual experience brushes up against cliché. As the stories progress, the viewer's own past experience and sense of place get drawn into the narrative.

**Trail (Halls and Galleries)**

The artists' portrayals of their experiences of travel and place encourage visitors to contemplate their own process of discovery within the museum. The question recurs throughout the exhibition: How is absorbing a place while travelling different from seeing an art exhibition? Institut für Raumexperimente [The Institute for Spatial Experiment], directed by artist Ólafur Eliasson, is an educational research facility at the Berlin University of the Arts. Attendees conduct experiments on spatial relations in buildings, urban environments, and landscapes. In summer 2010 a group from the institute went hiking with guide Ósk Vilhjálmsdóttir in the Icelandic interior. The upshot of that experience may be seen here in the form of placards posted around the museum. Museum guests are encouraged to take a specially-made map of Hafnarhús, showing the locations of the posters, and make their own expedition.

Without Destination focuses on our common desire to travel and experience new places. It appeals to our desire to get out of familiar surroundings, see and try out something else, and return the richer for the experience. Simultaneously it offers reasons why others are willing to go to such lengths for a taste of places that are old hat to locals. Tourism commodifies destinations for profit. That process takes little note of the complex and variable emotional process on which the industry is based. In 2008 tourist volume in Iceland reached an historical high, of more than half a million visitors to the country. The next projected landmark is a million visitors by 2016. Studies show that the chance to commune with unspoiled nature and the adventure entailed therein is presently Iceland's main draw as a tourist destination. In view of annually increasing tourist numbers one may question whether it is realistic to bank on this image or—more pointedly—whether it is realistic in general to bank on a cut-and-dried image? Should the travel industry strive to confirm tourists' assumptions or might it be more salutary to allow leeway for serendipity?

The travel industry is transforming Iceland. In her book On the Beaten Track, Lucy R. Lippard, one of the February conference's key-note speakers, debates whether sustainability and tourism may be irreconcilable concepts, given the significant and unavoidable ways in which tourism alters places. Yet even so, the next question has to be whether it isn't worth trying to rope the two together anyway. It is up to Icelanders to ensure that the necessary changes occur that will enable us to conduct tourism in the long term, and allow the country to sustain high-volume traffic without diminishing its appeal or leaving the inhabitants feeling like bit-players in someone else's destination. Minister of Industry Katrín Júlíusdóttir recently stated in a public forum abroad that Iceland was the land of longing. Was she perhaps stumbling upon a solution? Instead of luring people with prefabricated, precarious notions, perhaps it would be more honest to say that Iceland offers leeway to travel without a fixed destination. After all, no matter where the traveller goes, the trip will always lead to the same point, a clearer sense of self.

**Ráðstefna**

—

**Practicing Nature-Based Tourism**
5.-6. febrúar 2011, fjölnotarými Hafnarhúss

Practicing Nature-Based Tourism er alþjóðleg, þverfagleg ráðstefna tileinkuð fræðslu um náttúrutengda ferðamennsku og umræðu um Ísland sem áfangastað ferðamanna. Hún er hugsuð sem tækifæri fyrir innlenda og erlenda rannsakendur á ýmsum sviðum náttúrutengdrar ferðamennsku að koma niðurstöðum sinum á framfæri til samfélagsins. Á mælendaskrá verða ferðamálafræðingar, landfræðingar, sagnfræðingar, félagsfræðingar, umhverfisfræðingar, mannfræðingar, listamenn, arkitektar og markaðsfólk úr ferðageiranum. Á eftir þéttskipaðri fræðsludagskrá verða pallborðsumræður, þar sem rætt verður um þær áskoranir sem blasa við ferðamannalandinu Íslandi – hvar það stendur og hvert það stefnir nú á tímum aukins ferðamannastraums og álags. Pallborðið verður skipað helstu ráðamönnum íslensku ferðaþjónustunnar, ásamt fagfólki í greininni og sérfræðingum á þessu sviði. Þau munu reifa helstu áskoranir íslenskrar ferðaþjónustu frá bæjardyrum síns fags. Fræðsludagskráin fer fram á ensku þar sem frummælendur eru hvattir til að tala í almennu máli en umræðufundurinn á íslensku. Í kjölfarið verður gefin út sérútgáfa fræðiritsins Landabréfsins, tímarits Félags landfræðinga, með völdum erindum frá ráðstefnunni. Aðalfyrirlesarar ráðstefnunnar eru Lucy R. Lippard, Galisteo, Nýju-Mexíkó, rithöfundur, sýningarstjóri og samfélagsrýnir, dr. Tim Edensor, landfræðingur hjá Manchester Metropolitan University og Päivi Lappalainen, verkefnisstjóri klasaverkefnis í ferðaþjónustu í Turku, Finnlandi. Ráðstefnan er öllum opin og þátttaka ókeypis en skráning til þátttöku fer fram á netfanginu without.destination.conference@gmail.com

**Conference**

—

**Practicing Nature-Based Tourism**
5-6 February 2011, Multipurpose Room, Hafnarhús

Practicing Nature-Based Tourism is an international, interdisciplinary conference dedicated to nature-based tourism and Iceland's role as a tourist destination. The conference is intended as an opportunity for domestic and foreign researchers from the varied fields of nature-based tourism to present their conclusions to a broader community. The roster will include tourism specialists, geographers, historians, sociologists, environmentalists, anthropologists, artists, architects, and marketers in the field of tourism. After a packed program of lecture offerings, panel discussions will address the challenges Iceland faces as a travel destination, its current position and future options in an era of increasing tourist volume and impact. Along with practitioners and scholars from the field of tourism, the panel will include leaders of the Icelandic travel industry, to present their close-up view of the problems at hand. The lectures will be given in English and geared toward a general audience; the panel discussion will be conducted in Icelandic. A special issue of Landabréfið, the journal of the Association of Icelandic Geographers, will be compiled from selected papers given at the conference. The key-note speakers will be Lucy R. Lippard, of Galisteo, New Mexico, author, curator, and activist; Dr. Tim Edensor, geographer, of Manchester Metropolitan University; and Päivi Lappalainen, programme director for the Tourism and Experience Management Competence Cluster in Southwest Finland. The conference is free and open to the public but participants are requested to pre-register via without.destination.conference@gmail.com.

**Dagskrá bíós í sal B alla daga / Film Program every day in the Gallery B Black Box**

**Allir dagar / Every day**

10:00 **Hringurinn / Ring Road**
Friðrik Þór Friðriksson, 1985 (80 mín.)
11:30 **Hekla**
Haraldur Jónsson, 2001 (10 mín.)
12:00 **Skipholt**
John Bock, 2005 (55 mín.)
13:00 **Frá Hetty til Nancy / From Hetty to Nancy**
Deborah Stratman, 1997 (44 mín.)
14:00 **Bergmál er dvergmál, Kafli 1: Ísland - land án járnbrautar / Das Echo ist der Zwerge Sprache, Teil I: Island - Land ohne Eisenbahn**
Wolfgang Müller, 1999 (22 mín.)
14:30 **Rangsælis / Counterclockwise**
Ragnheiður Gestsdóttir, 2011 (12 mín.)
15:00 **Skagafjörður**
Peter Hutton, 2003 (35 mín.)
16:00 **Í leit að hérna / Searching for Hjetna**
Rory Middleton, 2010 (45 mín.)
17:00 **Safn lokar / museum closes**

**Fimmtudagar / Thursdays**

17:00 **Hringurinn / Ring Road**
Friðrik Þór Friðriksson, 1985 (80 mín.)
18:30 **Bergmál er dvergmál, Kafli 4: Norðurljósaniðurinn / Das Echo ist der Zwerge Sprache, Teil IV - Das Nordlichtgeräusch**
Wolfgang Müller, 1999 (20 mín.)
19:00 **Í leit að hérna / Searching for Hjetna**
Rory Middleton, 2010 (45 mín.)
20:00 Safn lokar / museum closes

**Milli atriða / Interlude**

**Aero**, 2008, Ghostigital/Finnbogi Pétursson/Skúli Sverrisson

Höfundar verkefnisins *Án áfangastaðar* eru Markús Þór Andrésson sýningarstjóri og Gunnþóra Ólafsdóttir landfræðingur, sem vinna verkið í samstarfi við Listasafn Reykjavíkur, ReykjavíkurAkademíuna og Félag landfræðinga. Verkefnið er styrkt af Norræna menningarsjóðnum, Mennta -og menningarmála-ráðuneytinu, Menningar- og ferðamálaráði Reykjavíkurborgar, Höfuðborgarstofu, Íslandsstofu, Ferðamálastofu, Sendiráði Bandaríkjanna á Íslandi, Iaspis – styrkúthlutunarnefnd til sænskra listamanna á alþjóðavettvangi, Esja Travel og Hótel Holt.

*Without Destination* was conceived by Markús Þór Andrésson, curator, and Gunnþóra Ólafsdóttir, geographer, and carried out in cooperation with the Reykjavík Art Museum, the Reykjavík Academy, and the Association of Icelandic Geographers. The project was made possible by support from the Nordic Culture Fund, the Ministry of Education, Science, and Culture, City of Reykjavík - Department of Culture and Tourism, Visit Reykjavík, Promote Iceland, Icelandic Tourist Board, The Embassy of the United States of America, Iaspis – the Swedish Arts Grants Committee's International Programme for Visual Artists, Esja Travel and Hotel Holt.

nordon
Nordisk Kulturfond

Opið daglega 10–17
Fimmtudaga 10-22
Bóka leiðsögn: fraedsludeild@reykjavik.is

Open daily 10 a.m.–5 p.m.
Thursdays 10 a.m.-10 p.m.
Book a guided tour: fraedsludeild@reykjavik.is

listasafnreykjavikur.is listasafn@reykjavik.is S 590 1200 F 590 1201